

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024,
Kársnes í Kópavogi - vesturhluti.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 29. júní 2009 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í nýrri 4 ha landfyllingu á vesturhluta Kársnes í Kópavogi sem skilgreind verður sem byggðarreitur fyrir blandaða byggð. Einnig breytist um 40 ha iðnaðar- og hafnarsvæði á vesturhluta Kársnes í byggðarreit fyrir blandaða byggð. Breytingin felur í sér að íbúðum á Kársnesi fjölgar um 550 en stærð atvinnuhúsnæðis í Kópavogi - vesturhluta minnkar um 10.000 m², sbr. töflur 3.1 og 3.2 í greinargerð svæðisskipulagsins. Heildarfjöldi íbúða í Kópavogi - vesturhluta verður eftir breytinguna 9.800 og heildarstærð atvinnuhúsnæðis 606.000 m² í stað 616.000 m².

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 29. júní 2009.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2009